

Fundargerð 199. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 24. október 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Helgi Már Sigurgeirsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Gunnar Sigurðsson og Einar Sveinn Kristjánsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Einar Óskar Friðfinnsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 198

Fundargerð 198. fundar samþykkt

2. Skýrsla formanns

Mikið rætt um vexti og stöðuna mála eftir dóm Hæstaréttar í máli Íslandsbanka. Hvað varðar lífeyrissjóði er hugsanlegt að dómurinn hafi áhrif. Mál varðandi framlag ríkisins vegna örorkugreiðslna lífeyrissjóðanna eru ekki komin á hreint, en loforð Fjármálaráðherra liggur fyrir.

3. Staðan á Eirhöfði

Farið var yfir stöðuna. Verið að ganga frá íbúðum á Eirhöfða og framkvæmdir þar á áætlun. Öll félögin sem kaupa þarna íbúðir vinna saman að innkaupum, sem hefur reynst mjög hagkvæmt. Tvær íbúðir í Mánatúni seldar en í keðju. Spurt var um hleðslustöðvar í nýju íbúðum. eru líklega ekki, en að öllum líkindum rafmagn til staðar svo það verði félagana, eða þjónustuaðila, að setja þær upp.

Úthlutunarreglur leiguíbúða. Fimm megin skilyrði eru fyrir því að fá úthlutaða íbúð sem losnar, þegar viðkomandi er efstur á biðlista:

Umsækjandi skal hafa verið fullgildur félagi í Fagfélögunum (RSÍ, MATVÍS eða VM) í a.m.k. 24 mánuði, litið til síðustu 36 mánuði við úthlutun.

Umsækjandi skal ekki hafa átt fasteign s.l. fimm ár við úthlutun.

Umsækjandi skal hafa náð 21. árs aldri við úthlutun (en má þó skrá sig á biðlista 18 ára).

Umsækjandi skal hafa skráð upplýsingar með réttum hætti.

Umsækjandi getur eingöngu fengið íbúð sem samræmist fjölskyldustærð.

Búið að vinna úthlutunarreglur fyrir leiguíbúðir og auglýsa. Margar umsóknir þegar komnar.

4. Staðan í kjaramálum

Einn samningur eftir, við Hafró hefur tafist vegna forstjóraskipta hjá stofnuninni. Málið varðar stofnanasamning.

5. Trúnaðarnámskeið.

Námskeið í nóvember. Lífeyrisnámskeið, mikið um að menn skrái sig en mæta ekki. Því var ákveðið að láta greiða staðfestingargjald kr. 1.500 og fyrir hjón, kr. 2500. Einnig verður námskeið um fjármál yngra fólks, fyrir 40 ára og yngri. Spurt var um fjarnámskeið fyrir þá sem búa úti á landi, formaður mun kanna með það. Fram undan er námskeið fyrir trúnaðarmenn, sem á eftir að auglýsa.

Áætluð er ráðstefna trúnaðarmanna hjá Fagfélögunum á Selfossi þann 13. og 14. nóvember. Tímasetningin rekst á stjórnarfund VM. Formaður lagði til að hann verði færður aftur um viku, til 20. nóvember. Það samþykkt.

RSÍ hefur haldið hangikjötsveislu fyrir stjórn RSÍ, en leggur nú til að Fagfélögin haldi veisluna með öllum stjórnnum Fagfélagana. Ákveðið var að halda stjórnarfundinn eftir hádegið þann dag, á undan veislunni.

Formaður hefur fengið athugasemdir við að sala og kaup á íbúðum hafi ekki verið lögð fyrir félagsfund. Verkefnið var ákveðið á fulltrúaráðsfundi, svo stjórn VM ákvað þetta ekki ein.

6. Önnur mál

Stórhöfðinn. Byggið hætt í samstarfinu. FIT kaupir þjónustu af Fagfélögunum.

Rætt var um verð á makríl til sjómanna í Eyjum. Spurt hvort ákvæði séu í samningum um lokauppgjör. Er einungis um lokauppgjör eftir vertíð að ræða, en það ekki dagsett.

Spurt var um breytingarnar á samsköttun. Formaður segir öll svör í þá átt að þessu verði ekki breytt og vísað í að þeir sem þetta snertir hafi fjármagnstekjur. Formaður á bókaðan fund með forsætisráherra.

Næsti stjórnarfundur VM verður 200. fundur.

Fundi slitið kl. 11:20

Fundargerð ritaði, Halldór Arnar Guðmundsson